

Nd.

271. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka bankavaxtabrjefa.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Eftir 2. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

a.

3. gr.

Ef gildi íslenskra peninga hækkar aftur og kemst svo nálægt hinu gamla gullverði, að vanti minna en 5%, skal á næsta gjalddaga allra lána í 5., 6. og

7. flokki veðdeildarinnar, svo og á næsta gjalddaga allra lána í ræktunarsjóði, sem veitt hafa verið eftir að lög nr. 14, 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, gengu í gildi, lækka ógreiddan höfuðstól lánanna um 20 af hundraði. Lengd lánstíma breytist ekki þessa vegna, en árlegar afborganir lækka í sama hlutfalli.

b.

4. gr.

Komi ákvæði 3. gr. til framkvæmda, skal samtímis greiða úr rikissjóði til veðdeildar og ræktunarsjóðs jafnháa upphæð og þarf til þess að lækka lánin um 20%.